



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2021
MÍ202103-0060/6.01/ K.H.S.


Efni: Tillaga til þingsályktunar um verndun og varðveislu skipa og báta, Þingskjal 263 – 243 mál.

Alþingi hefur óskað eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um ofangreint mál þar sem hvatt er til að mennta- og menningarmálaráðherra skipi starfshóp sem geri úttekt á því hvernig staðið verði að verndun og varðveislu skipa og báta og geri tillögur að úrbótum. Tekið verði saman yfirlit yfir skip og báta sem hafa menningarlegt og atvinnusögulegt gildi, óháð aldri og endurskoðuð aldursmörk skipa og báta samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun Íslands fagnar því að farið verði í slíkt verkefni.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um mikilvægi þess að viðhalda þekkingu á smíði gamalla báta og skipa. Minjastofnun styður allshugar þá tillögu. Stofnunin vekur athygli á að hún hefur hvatt til þess að fundin verði leið til að kenna viðhald gamals handverks, svo sem torfhleðslu, viðgerð og viðhaldi gamalla húsa, eldsmíði. Nauðsynlegt er að taka afstöðu til hvort báta- og skipasmíði yrði þar með og hvort það yrði gert í samvinnu við tækni-/ eða verkmenntaskóla eða á námskeiðum sem nytu viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Virðingarfyllst,


Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður